

Ár 2018, miðvikudaginn 14. júní, kom nefnd skv. 93. grein laga nr. 5/1998 um kosningar til sveitarstjórnar saman til að fjalla um kæru á framkvæmd sveitarstjórna kosninga í Reykjanesbæ er fram fóru laugardaginn 26. maí síðastliðinn en hinn 4. júní 2018 skipaði Sýslumaðurinn á Suðurnesjum Ásgeir Þór Árnason, hæstaréttarlögmann, Erlu S. Árnadóttur, hæstaréttarlögmann, og Halldóru Aðalsteinsdóttur, héraðsdómslögmann, til nefndarstarfa. Á fundinum var kveðinn upp svohljóðandi

## Ú R S K U R Ð U R

### 1.

Kæran er dagsett 31. maí 2018 og er borin fram af umboðsmönnum framboðslista Pírata í Reykjanesbæ, þeim Albert Svan Sigurðssyni og Þórólfi Júlíán Dagssyni. Í kærunni er vísað í bókun umboðsmanns fyrir hönd Pírata í gerðabók yfirkjörstjórnar Reykjanesbæjar þar sem segir að ekki hafi verið farið að lögum á kjörstað í Reykjanesbæ við umræddar kosningar. Atkvæði hafi verið flokkuð í lokuðum sal eftir klukkan 18.30, klukkan 21.20 hafi flokkuð atkvæði verið talin í 50 stykkja búnt og þeim raðað á borð. Fortalning hafi farið fram og klukkan 21.50 hafi verið lögð saman talning á fjölda flokkaðra búnta. Niðurstöður talningar hafi verið tilbúnar klukkan 22.00. Kærendur telja þá framkvæmd vera skýrt brot á ákvæðum 76. og 77. greinum laga nr. 5/1988 um kosningar til sveitarstjórnar þar sem komi fram að talning atkvæða skuli fara fram fyrir opnum dyrum svo að kjósendum gefist kostur á að vera við eftir því sem húsrúm leyfi. Jafnframt kemur fram hjá kærendum að þó heimilt sé að hefja flokkun atkvæða og undirbúa talningu þeirra fyrir luktum dyrum áður en kjörfundi ljúki hafi ekki verið heimilt að telja atkvæði eins og gert hafi verið á kjörstað í Reykjanesbæ fyrir luktum dyrum áður en kjörfundi hafi verið lokið.

Ekki eru settar fram efnislegar kröfur í kærunni.

### 2.

Með bréfi dagsettu 5. júní 2018 óskaði nefndin eftir umsögn yfirkjörstjórnar Reykjanesbæjar og eftir því að nefndinni yrði látið í té endurrit fundargerðar yfirkjörstjórnar frá kjördegi. Barst greinargerð yfirkjörstjórnar ásamt ljósriti úr fundargerðarbók þann 11. júní 2018.

Í greinargerð yfirkjörstjórnar kemur fram að yfirkjörstjórn hafi ráðið vant talningarfólk við framkvæmd sveitarstjórna kosninganna, fulltrúar allra framboða hafi verið viðstaddir flokkun og talningu, jafnframt hafi verið viðstaddir fulltrúi yfirkjörstjórnar.

Þá kemur fram í greinargerð yfirkjörstjórnar að hún hafi yfirfarið verkferla við flokkun atkvæða og undirbúning talningar, flokkun og talningu úr þeim kjörkössum sem talningamenn hafi verið lokaðir inn með hafi ekki lokið fyrr en klukkan 22.02. Yfirkjörstjórn telji að framangreindar aðferðir séu í samræmi við hefðir og venjur sem myndast hafi við flokkun og talningu atkvæða og rúmist vel innan marka laganna. Því hafi framkvæmdin verið í fullu samræmi við 4. málsgrein 77. greinar laga um kosningar til sveitarstjórna nr. 5/1998. Þá er tekið fram að jafnvel þó að finnslur yrðu mögulega gerðar við umraðda framkvæmd telji yfirkjörstjórn útilokað að þær gætu leitt til ógildingar kosninganna, sbr. 94. grein laganna.

### 3.

Í bókun yfirkjörstjórnar frá kjördegi kemur fram að skipt hafi verið um atkvæðakassa í kjördeildum klukkan 16.45. Samkvæmt bókun Pírata í gerðabók yfirkjörstjórnar voru atkvæði flokkuð í lokuðum sal klukkan 18.30 og má af því ráða að um hafi verið að ræða atkvæði úr þeim kjörkössum er þá höfðu verið fluttir úr kjördeildum á talningarstað. Fram kemur að hafist hafi verið handa við að telja atkvæði í 50 seðla búnt klukkan 21.30 og þeim raðað á borð. Loks kemur fram að klukkan 21.50 hafi verið framkvæmd talning á fjölda flokkaðra búnta og að niðurstöður talningar hafi verið tilbúnar klukkan 22.00. Af hálfu yfirkjörstjórnar hefur því ekki verið mótmælt að atvik hafi verið með þessum hætti.

Samkvæmt 1. málsgrein 76. greinar laga nr. 5/1998 um kosningar til sveitarstjórna skal talning atkvæða fara fram fyrir opnum dyrum svo að kjósendum gefist kostur á að vera við, eftir því sem húsrúm leyfir. Í 2. málsgrein 77. greinar laganna er mælt fyrir um að við framkvæmd atkvæðatalningar skuli kjörseðlar fyrst flokkaðir eftir listabókstöfum sem við sé merkt á hverjum seðli og síðan taldir undir stjórn yfirkjörstjórnar. Í 4. málsgrein 77. greinar laganna er svo tekið fram að heimilt sé að hefja flokkun atkvæða og undirbúa talningu þeirra fyrir luktum dyrum áður en kjörfundi lýkur.


Framkvæmd talningar við kosningar til sveitarstjórna í Reykjanesbæ þann 26. maí sl. var með þeim hætti að talning atkvæða úr tilteknunum kjörkössum fór fram fyrir luktum dyrum. Samrýmist þetta ekki framangreindu ákvæði 1. málsgrein 76. greinar laga nr. 5/1998 enda nær heimild 4. málsgreinar 77. greinar einungis til að undirbúa talningu.

Efnislegar kröfur eru ekki settar fram í kæru. Þá er ekki byggt á því að talning atkvæða hafi ekki sýnt réttar niðurstöður. Af þeim sökum, og með vísan til 94. greinar laga nr. 5/1998 um kosningar til sveitarstjórna, tekur nefndin ekki til athugunar hvort ógilda beri kosningarnar.


## Úrskurðarorð

Framkvæmd talningar atkvæða við kosningar til sveitarstjórnar í Reykjanesbæ þann 26. maí 2018 var ekki í samræmi við ákvæði 1. málsgrein 76. greinar laga nr. 5/1998 um kosningar til sveitarstjórnar.


Reykjavík, 14. júní 2018,



Ásgeir Þór Árnason



Erla S. Árnadóttir



Halldóra Aðalsteinsdóttir  
Halldóra Aðalsteinsdóttir